

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

ÁRSREIKNINGUR 2013



EFNISYFIRLIT

| | |
|--|-------|
| Áritun óháðs endurskoðanda..... | 2 |
| Skýrsla stjórnar..... | 3-6 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris..... | 7 |
| Efnahagsreikningur..... | 8 |
| Yfirlit um sjóðstreymi..... | 9 |
| Skýringar..... | 10-18 |
| Deildaskipt yfirlit..... | 19-21 |
| Kennitölur..... | 22-27 |
| Sundurliðanir á verðbréfum..... | 28-31 |
| Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins 2014 (útdráttur)..... | 32 |

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2013, efnahag hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013 í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogi, 19. mars 2014

Deloitte ehf.


Halldór Arason
endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild. Sjóðurinn hentar þeim sem geta valið um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skylduiðgjöld sín og öllum þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í sjóðinn.

Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2013 voru sjóðfélagar 47.983 og fjöldaði þeim um 2.057 en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 17.785 og fjöldaði þeim um 449. Hrein eign sjóðsins nam 132.034 milljónum kr. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2008 boðist að velja milli fjögurra fjárfestingarleiða séreignardeildar sem eru með mismunandi fjárfestingarstefnu, áhættu og ávöxtun. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Tryggingadeild |
|--|-----------|-----------|-----------|----------------|----------------|
| Nafnávöxtun | 7,7% | 5,8% | 4,2% | 12,6% | 9,2% |
| Raunávöxtun | 3,9% | 2,1% | 0,5% | 8,6% | 5,3% |
| Hrein eign í milljónum króna | 73.425 | 6.458 | 17.134 | 34 | 34.984 |
| Fjöldi sjóðfélaga/réthafa | 39.307 | 3.246 | 7.659 | 25 | 37.096 |
| Fjöldi sem greitt hefur í sjóðinn á árinu | 11.777 | 1.298 | 4.566 | 13 | 14.877 |
| Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi í sjóðinn á árinu | 9.360 | 1.060 | 3.774 | 10 | 11.758 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 748 | 163 | 582 | 6 | 893 |

| Markhópur | Yngri en 55 ára | Eldri en 55 ára | Lífeyris- þegar | Áhættu- sæknir | Allir |
|-------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|-------------------|-------|
| Fjárfestingarstefna 2013: | | | | | |
| Skuldabréf | 65% | 85% | 75% | 60% | 80% |
| Innlend hlutabréf | 8% | 3% | 0% | 13% | 5% |
| Erlend hlutabréf | 25% | 6% | 0% | 25% | 8% |
| Sérhæfðar fjárfestingar | 2% | 1% | 0% | 2% | 2% |
| Bankainnstæður | 0% | 5% | 25% | 0% | 5% |
| | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er rekinn af Arion banka og sjá starfsmenn bankans um rekstur sjóðsins. Stjórnarmenn sjóðsins eru sjö talsins, þrír skipaðir af rekstraraðila og fjórir kosnir af sjóðfélögum á ársfundum sjóðsins.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður smáþjóða

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var á árinu 2013 valinn besti lífeyrissjóður smáþjóða af fagtímaritinu Investment Pension Europe. Í umsögn dómnefndar kom meðal annars fram að góð ávöxtun sjóðsins hefði verið byggð á framsýnum fjárfestingarákvörðunum og öflugri áhættustýringu.

Árin 2009-2011 var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi af IPE fagtímaritinu. Árin 2012 og 2013 voru ekki veittar viðurkenningar fyrir Ísland sérstaklega heldur keppa sjóðir frá Íslandi nú í flokki smáþjóða eins og sjóðir annarra Evrópulanda með færri en eina milljón íbúa.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ávöxtun sjóðsins og fjárfestingarumhverfið

Nafnávöxtun fjárfestingarleiða Frjálsa lífeyrissjóðsins árið 2013 var á bilinu 4,2% til 12,6% en þróun verðbréfamarkaða hafði mismunandi áhrif á ávöxtun leiðanna. Verðbólga síðasta árs mældist 3,7%.

Frjálsi Áhætta skilaði hæstu ávöxtuninni eða 12,6%. Ástæður hækkunarinnar má að stærstum hluta rekja til mjög góðrar ávöxtunar á innlendum hlutabréfum en innlend hlutabréf vega hlutfallslega mest í þessari leið af fjárfestingarleiðum Frjálsa lífeyrissjóðsins. Úrvalsvítsala hlutabréfa hækkaði um 18,9% á árinu.

Nafnávöxtun fjölmennstu og stærstu leiðar Frjálsa lífeyrissjóðsins, Frjálsa 1, var 7,7%. Frjálsi 1 er með hæsta vægið í erlendum hlutabréfum af leiðum Frjálsa og hækkaði MSCI heimsvítsala hlutabréfa um 11,5% í íslenskum kr. Nafnávöxtun Frjálsa 2, sem er með um 84% í skuldabréfum og 16% í hlutabréfum, var 5,8% og nafnávöxtun Frjálsa 3 var 4,2%. Eignir Frjálsa 3 eru fyrst og fremst skuldabréf og innlán. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa (ibúðabréfa) hækkaði þegar leið á árið sem þýðir að verð bréfanna lækkaði. Verðtryggðu ríkisskuldabréfin hækkuðu um 0,2%-4,1%, mismunandi eftir flokkum en Frjálsi 3 er sú fjárfestingarleið sjóðsins þar sem ríkisskuldabréf vega hlutfallslega mest. Tryggingadeildin skilaði 9,2% nafnávöxtun en mikilvægt er að hafa í huga að skuldabréf tryggingadeildar eru gerð upp á kaupkröfu en á markaðsvirði í séreignarleiðunum.

Ávöxtunarmöguleikar lífeyrissjóðsins á komandi misserum munu að miklu leyti ráðast af fjárfestingarumhverfi sjóðsins. Gjaldeyrishöftin gera það að verkum að sjóðurinn getur ekki ráðist í nýjar erlendar fjárfestingar. Veruleg eftirspurn er eftir innlendum fjárfestingum sem hefur m.a. haft þau áhrif að innlend verðbréf hafa hækkað mikið á undanförnum misserum. Ef það umhverfi skapast að líkleg eftirspurn eftir fjárfestingum ráði meiru en undirliggjandi rekstur réttlætir er því mun mikilvægara fyrir sjóðinn að fara varlega.

Frjálsi Áhætta opnuð á ný

Í desember 2013 var ákveðið að opna fjárfestingarleiðina Frjálsa Áhættu fyrir iðgjöldum nýrra sjóðfélaga og flutningi séreignarsparnaðar til leiðarinnar.

Eftir að gjaldeyrishöftin voru sett á var leiðin lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum og flutningi séreignarsparnaðar til að hægja á lækkun á hlutfalli erlendra eigna. Sjóðfélögum, sem höfðu valið leiðina fyrir lokun hennar, hefur verið heimilt að greiða áfram í leiðina og hefur það leitt til þess að hlutfall erlendra eigna hefur lækkað smám saman því iðgjöldin hafa verið nýtt til fjárfestinga í innlendum eignum.

Í desember var hlutfall erlendra eigna leiðarinnar orðið það lágt, eða undir 10%, að ekki var ástæða til að hafa leiðina áfram lokaða. Heildarvægi innlendra og erlendra hlutabréfa er um 30% og stendur því leiðin áfram undir nafni sínu Frjálsi Áhætta.

Tryggingafræðileg staða

Hlutfall heildareigna á móti heildarskuldbindingum tryggingadeildar sjóðsins var í lok árs jákvætt um 0,2% en þetta er í fyrsta sinn frá 2007 sem tryggingafræðileg staða sjóðsins er jákvæð. Hlutfall heildareigna á móti áunnum skuldbindingum var 0,8%.

Stjórnarlaun, umsýsluþóknun og aðrar þóknanir

Heildarstjórnarlaun á árinu 2013 námu 10 milljónum kr. og umsýsluþóknun til rekstraraðila nam 387,8 milljónum kr. Þóknun endurskoðunarnefndar nam 1,7 milljónum kr. og þóknun til til endurskoðenda 6,9 milljónum kr.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Enn auknar heimildir til útgreiðslu séreignarsparnaðar

Þann 1. janúar 2014 tóku gildi ný lög sem auka enn á heimildir sjóðfélaga til að fá greitt út séreignarsparnað. Útgreiðslufjárhæðin sem heimilt er að fá greidda út var hækkuð úr 6,25 milljónum í 9 milljónir en hún dreifist á jafnar 15 mánaðarlegar greiðslur. Frjálsí lífeyrisjósóurinn hefur ekki átt í erfiðleikum með að mæta þessu útfláði þar sem gæði og seljanleiki eignasafnsins er mikill.

Lífeyrisgáttin

Lífeyrisgáttinn var opnuð í nóvember á síðasta ári en hún er aðgengileg í Netbanka Arion banka fyrir sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins. Í Lífeyrisgáttinni hafa sjóðfélagar aðgang á einum stað að upplýsingum um áunnin lífeyrisréttindi sín í öllum samtryggingalífeyrissjóðum sem þeir hafa greitt í. Áður þurftu sjóðfélagar að leita til hvers lífeyrissjóðs til að fá upplýsingar um lífeyrisréttindi sín en nú má nálgast þau á einum stað til hægðarauka fyrir sjóðfélaga.

Ný útgreiðslureiknivél

Ný útgreiðslureiknivél leit dagsins ljós á vefsíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins á árinu 2013. Reiknivélin auðveldar sjóðfélögum að átta sig á útgreiðslumöguleikum sjóðsins, en með henni má reikna útgreiðslur séreignar út frá mismunandi forsendum. Einnig er hægt að skoða útgreiðslur ellilífeyris og þau áhrif sem það hefur að flýta eða fresta töku ellilífeyris ásamt áhrifum eingreiðslna aftur í tímann.

Þá var Lífeyrisreiknivél Frjálsa lífeyrissjóðsins uppfærð en líkt og áður gerir hún sjóðfélögum kleift að setja upp dæmi um lífeyrissparnað með mismunandi forsendum, svo sem launum, lengd innborgunartímabils eða aldri við töku lífeyris. Út frá þeim forsendum sjá sjóðfélagar vænta inneign í séreignarsparnaði og lífeyrisgreiðslur við starfslok. Með uppfærslunni var viðmót Lífeyrisreiknivélarinnar einfaldað til muna.

Greiðslur viðbótarlífeyrissparnaðar inn á húsnæðislán

Í nóvember kynntu stjórnvöld að lántakendur gætu nýtt skattfrjálsan viðbótarlífeyrissparnað til að greiða inn á höfuðstól húsnæðislána frá og með júlí 2014. Á árinu 2013 voru viðbótariðgjöld til sjóðsins rúmir 1,4 milljarðar kr. en heildariðgjöld voru tæplega 9 milljarðar kr. Stjórnvöld eiga eftir að kynna nánari útfærslu á þessu úrræði en búast má við að það hafi ekki teljandi áhrif á innflæði og eignastýringu sjóðsins.

Hækkun frádráttarbærs viðbótariðgjalds úr 2% í 4% af launum

Alþingi hefur með lagabreytingu samþykkt að frá og með júlmánuði 2014 hækki frádráttarbært viðbótariðgjald einstaklinga upp í 4%. Samkvæmt lögunum munu iðgjöld þeirra einstaklinga, sem greiddu 4% iðgjald áður en frádráttarbært iðgjald var lækkað í 2% í janúar 2012, hækka í 4% frá og með tímabilinu júlí 2014 nema sjóðfélagi óski eftir öðru.

Breyting á lögum um útgreiðslu lífeyris

Í janúar 2014 varð breyting á lögum um almannatryggingar sem hafa áhrif á umsóknir um lífeyri hjá lífeyrissjóðum. Ákvæðið felur í sér að sjóðfélagar þurfa að sækja um lífeyri fyrst hjá lífeyrissjóðum áður en þeir sækja um lífeyri hjá Tryggingastofnum. Þetta þýðir að ef sjóðfélagi í Frjálsa lífeyrissjóðnum velur að sækja um lífeyri frá Tryggingastofnum 67 ára þá verður hann að sækja um lífeyri úr Frjálsa lífeyrissjóðnum frá sama tíma. Þetta gildir einnig um samtryggingarleiðir sjóðsins þar sem viðmiðunaraldur er 70 ára en í þeim tilvikum verður sjóðfélagi að flýta töku lífeyris sem þýðir að lífeyrisgreiðslur lækka m.v. áunnin réttindi sjóðfélaga við 70 ára aldur. Rökini fyrir breytingunum eru að ekki er talið réttmætt að sjóðfélagar geti fengið hærri greiðslur frá Tryggingastofnum eingöngu með því að fresta því að sækja um áunnin lífeyrisréttindi hjá lífeyrissjóðum. Kjósi sjóðfélagar aftur á móti að seinka töku lífeyris þarf það vera gagnvart báðum meginstoðum lífeyriskerfisins á sama tíma. Lagabreytingin hefur ekki áhrif á útgreiðslur frjálsrar séreignar.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Áhættustefna, áhættuskýrslur og rekstraráhættumat

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur mótað áhættustefnu í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Í áhættustefnunni er fjallað um áhættuþætti í rekstri sjóðsins, s.s. markaðsáhættu, gjaldmiðlaáhættu, og mótaðilaáhættu. Áhættustýring Arion banka gefur út áhættuskýrslur fyrir sjóðinn sem eru lagðar fyrir stjórn á hverjum stjórnarfundi. Markmiðið með skýrslunum er að stjórn og þeir sem starfa við rekstur og eignastýringu sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu sjóðsins og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk.

Jafnframt hefur Áhættustýring Arion banka umsjón með framkvæmd rekstraráhættumats þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra könnuð. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt og með hvaða hætti. Í rekstraráhættumatinu er meðal annars litið til starfsmannaáhættu, hættu á sviksemi, orðsporsáhættu, upplýsingatækniáhættu og áhættu tengda verkferlum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. mars 2014

Í stjórn


Ásgeir Thoroddsen
stjórnarformaður


Anna Sigríður Halldórsdóttir


Ásdís Eva Hannesdóttir



Elias Jóhanneson


Elín Þórdóttir


Jónmundur Guðmarsson


Magnús Pálmi Skúlason

Framkvæmdastjóri


Arnaldur Loftsson

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2013

| | Skýr. | 2013 | 2012 |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| Iðgjöld | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 2.912.330 | 2.562.765 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 5.951.306 | 5.176.903 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | 11.946 | 75.303 |
| Sérstök aukaframlög | | 118.178 | 98.130 |
| | 9-10 | <hr/> 8.993.760 | <hr/> 7.913.101 |
| Lífeyrir | | | |
| Lífeyrir | 11 | (1.823.172) | (1.624.385) |
| Útgreiðsla séreignarsparnaðar skv. br.b.ákvæði | 12 | (629.756) | (1.055.934) |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | 13 | (77.612) | (15.963) |
| | | <hr/> (2.530.540) | <hr/> (2.696.282) |
| Fjárfestingartekjur | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 14 | 1.134.091 | 953.413 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 15 | 7.857.888 | 11.216.100 |
| Breytingar á niðurfærslu | 22 | 374.928 | (8.752) |
| | | <hr/> 9.366.907 | <hr/> 12.160.761 |
| Fjárfestingargjöld | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (157.356) | (142.310) |
| Önnur fjárfestingargjöld | | (157.356) | (142.310) |
| | 16 | <hr/> (314.712) | <hr/> (284.620) |
| Rekstrarkostnaður | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 16 | (149.314) | (136.885) |
| Sérstakt gjald á lífeyrissjóði | | 0 | (3.376) |
| | | <hr/> (149.314) | <hr/> (140.261) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 19 | 15.366.101 | 16.952.699 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 116.668.133 | 99.715.434 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | | 132.034.234 | <hr/> 116.668.133 |

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2013

| | Skýr. | 2013 | 2012 |
|--|------------------------|---------------------------|---------------------------|
| Fjárfestingar | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 20 | 53.107.420 | 44.050.366 |
| Verðbréf með fóstum tekjum | 21 | 66.682.995 | 65.598.294 |
| Veðlán | 24 | 2.163.786 | 1.616.391 |
| Verðtryggð innlán | | 2.766.231 | 2.500.049 |
| Aðrar fjárfestingar | 25 | 42.972 | 14.788 |
| | | <u>124.763.404</u> | <u>113.779.888</u> |
| Kröfur | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 544.141 | 619.740 |
| Aðrar kröfur | 26 | <u>91.807</u> | <u>87.592</u> |
| | | <u>635.948</u> | <u>707.332</u> |
| Aðrar eignir | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | | 6.992.293 | 3.005.127 |
| | Eignir samtals | <u>132.391.645</u> | <u>117.492.347</u> |
| Viðskiptaskuldir | | | |
| Aðrar skuldir | 27 | (357.411) | (824.214) |
| | Skuldir samtals | (357.411) | (824.214) |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | | <u>132.034.234</u> | <u>116.668.133</u> |

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2013

| | Skýr. | 2013 | 2012 |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| Inngreiðslur | | | |
| Iðgjöld | 9-10 | 8.993.761 | 7.913.101 |
| Fjárfestingartekjur | | 657.588 | 498.483 |
| Afborganir verðbréfa | | 4.526.466 | 4.114.949 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 8.949.249 | 3.813.180 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 2.814.286 | 2.314.427 |
| Seldar aðrar fjárfestingar | 8.500 | 26.067 | |
| | | <u>25.949.850</u> | <u>18.680.207</u> |
| Útgreiðslur | | | |
| Lífeyrir | 11-13 | 2.530.541 | 2.696.282 |
| Fjárfestingargjöld | 16 | 314.711 | 284.621 |
| Rekstrarkostnaður | 16 | 149.314 | 140.261 |
| Skammtímalíðir, breyting | | 395.422 | (161.442) |
| | | <u>3.389.988</u> | <u>2.959.722</u> |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annari fjárfestingu | | <u>22.559.862</u> | <u>15.720.485</u> |
| Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting | | | |
| Keypt verðbréf með breytilegum tekjum | | 12.456.323 | 6.743.094 |
| Keypt verðbréf með föstum tekjum | | 5.206.427 | 7.255.882 |
| Ný veðlán og útlán | | 600.792 | 253.556 |
| Hækkun á bankainnstæðum | | 266.182 | 271.594 |
| Keyptar aðrar fjárfestingar | | 42.972 | 0 |
| | | <u>18.572.696</u> | <u>14.524.126</u> |
| Hækkun/(lækkun) á sjóði og veltiinnlánum | | 3.987.166 | 1.196.359 |
| Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun | | 3.005.127 | 1.808.768 |
| Sjóður og veltiinnlán í lok árs | | <u>6.992.293</u> | <u>3.005.127</u> |

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálefirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í öllum meginatriðum er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Frjálsi lífeyrissjóðurinn skiptist í fjórar séreignardeildir, eina tryggingadeild og eina sameiginlega deild sem tekur við iðgjöldum frá launagreiðendum. Sameiginlega deildin ráðstafar iðgjöldum á deildir sjóðsins í samræmi við samninga sjóðfélaga.

2. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Meðalkaupgengi Seðlabanka Íslands og árslokagengi var eftirfarandi:

| Mynt | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|-------------------------|-------------------|--------|--------------|------------|
| | 2013 | 2012 | 31.12.2013 | 31.12.2012 |
| Evrar..... | EUR | 161,93 | 160,29 | 158,06 |
| Bandaríkjadollar..... | USD | 121,94 | 124,75 | 114,76 |
| Japansk jen..... | JPY | 1,25 | 1,56 | 1,09 |
| Svissneskur franki..... | CHF | 131,54 | 132,98 | 128,83 |
| Sterlingspund..... | GBP | 190,76 | 197,68 | 189,75 |
| Sænsk króna..... | SEK | 18,72 | 18,41 | 17,90 |
| Dönsk króna..... | DKK | 21,71 | 21,53 | 21,19 |
| | | | | 22,69 |

4. Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum.

5. Fjárfestingarleiðir

Fjárlæsi 1, Fjárlæsi 2, Fjárlæsi 3 og Fjárlæsi Áhætta:

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum, skráð verðbréf með föstum tekjum og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í lok ársins. Óskráð verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Önnur óskráð verðbréf eru færð til eignar á upphaflegu kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í lok ársins, hvort sem lægra er.

Tryggingadeild:

Verðbréf eru metin með sama hætti og í leiðum Frjálsa 1 til 3 og Frjálsa Áhættu hér að ofan, að því undanskildu að frá ársþyrjun 2006 hafa öll verðbréf með föstum tekjum verið færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu.

SKÝRINGAR

6. Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

8. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

ÍÐGJÖLD

9. Iðgjöld

Í ársreikningi sjóðsins eru iðgjöld færð til tekna í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris þegar bæði greiðslur og skilagreinar hafa borist sjóðnum. Iðgjöld sjóðfélaga eru greidd inn á sameiginlegan iðgjaldareikning Frjálsa lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild sjóðfélagar eru. Daglegt uppgjör fer fram á milli iðgjaldareikningsins og deilda sjóðsins sem felur í sér að greiðslur eru millifærðar af iðgjaldareikningi yfir á bankareikninga viðkomandi deilda í samræmi við samninga sjóðfélaga. Þann 31. desember 2013 var staðan á sameiginlegum iðgjaldareikningi sjóðsins 170,5 milljónir kr.

Í tryggingadeild sjóðsins hafa iðgjöld vegna ársins 2013 eða eldri tímabilu, sem voru greidd og/eða skráð eftir að uppgjörsárinu lauk, verið bókfærð að fjárhæð 251,1 milljón kr. Einnig eru iðgjöld tryggingadeildar áætluð vegna skilagreina sem hafa borist en hafa ekki verið greiddar þegar uppgjörsárinu lauk. Í lok ársins 2013 eru áætluð iðgjöld tryggingadeildar vegna ógreiddra skilagreina 293,1 milljón kr.

10. Iðgjöld greinast þannig:

| | 2013 | 2012 |
|--|------------------------|------------------------|
| Lágmarksíðgjöld | 7.435.854 | 6.392.779 |
| Viðbótariðgjöld | 1.427.782 | 1.346.889 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | 11.946 | 75.303 |
| Sérstök aukaframlög | 118.178 | 98.130 |
| | <hr/> <u>8.993.760</u> | <hr/> <u>7.913.101</u> |

SKÝRINGAR

LÍFEYRIR

11. Lífeyrir greinist þannig:

| | 2013 | 2012 |
|----------------------|------------------|------------------|
| Ellilífeyrir | 1.512.950 | 1.327.693 |
| Barnalífeyrir | 11.287 | 10.705 |
| Makalífeyrir | 25.058 | 24.826 |
| Örorkulífeyrir | 170.867 | 162.900 |
| Annar lífeyrir | 103.010 | 98.261 |
| | 1.823.172 | 1.624.385 |

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 2013 |
|----------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|-----------------|------------------|
| Ellilífeyrir | 635.592 | 112.390 | 644.325 | 530 | 120.113 | 1.512.950 |
| Barnalífeyrir | 0 | 0 | 0 | 0 | 11.287 | 11.287 |
| Makalífeyrir | 0 | 0 | 0 | 0 | 25.058 | 25.058 |
| Örorkulífeyrir | 4.768 | 0 | 5.447 | 0 | 160.652 | 170.867 |
| Annar lífeyrir | 48.486 | 16.066 | 38.458 | 0 | 0 | 103.010 |
| | 688.846 | 128.456 | 688.230 | 530 | 317.110 | 1.823.172 |

12. Útgreiðsla séreignarlífeyrissparnaðar

Útgreiðsla séreignarlífeyrissparnaðar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrirséttinda og starfsemi lífeyrissjóða nam 629,8 milljónum kr. árið 2013. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu er rétthafa séreignarsparnaðar heimilt að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar á árinu 2013, sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla laganna, til vörlsuaðila skv. 3.-5. mgr. 8. gr. Upphæðin getur numið allt að 6,25 milljónum kr. á hvern rétthafa, en þó að frádreginni þeiri fjárhæð sem þegar hefur verið greidd út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. janúar 2013. Frá og með 1. janúar 2014 var fjárhæðin hækkuð í 9 milljónir kr. Samsvarandi útgreiðsla fyrir árið 2012 var 1.055,9 milljónir kr.

13. Kostnaður vegna örorkulífeyris greinist þannig:

| | 2013 | 2012 |
|--|---------------|---------------|
| Kostnaður vegna örorkumats | 4.398 | 2.879 |
| VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður | 73.214 | 13.084 |
| | 77.612 | 15.963 |

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur skulu greiða til starfsendurhæfingarsjóðs 0,13% af iðgjaldsstofni.

SKÝRINGAR

FJÁRFESTINGARTEKJUR

14. Tekjur af eignarhlutum greinast þannig:

| | 2013 | 2012 |
|----------------------------------|------------------|----------------|
| Gengismunur af hlutabréfum | 1.077.910 | 922.695 |
| Arður af hlutabréfum | 56.181 | 30.718 |
| | <u>1.134.091</u> | <u>953.413</u> |

15. Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

| | 2013 | 2012 |
|--|------------------|-------------------|
| Skuldabréf og hlutdeildarskírteini | 7.409.617 | 10.909.627 |
| Vaxtatekjur vegna iðgjalda | 55.279 | 42.860 |
| Bankainnstæður | 397.959 | 267.998 |
| Viðskiptakostnaður | (4.967) | (4.385) |
| | <u>7.857.888</u> | <u>11.216.100</u> |

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Tryggingardeild | Samtals 2013 |
|--|------------------|----------------|----------------|----------------|------------------|------------------|
| Skuldabréf og hlutdeildarskírteini | 4.133.366 | 241.883 | 479.523 | 3.017 | 2.551.829 | 7.409.618 |
| Vaxtatekjur vegna iðgjalda | 25.343 | 2.063 | 5.501 | 40 | 22.332 | 55.279 |
| Bankainnstæður | 120.609 | 18.298 | 168.598 | 68 | 90.386 | 397.959 |
| Viðskiptakostnaður | (2.430) | (265) | (888) | (39) | (1.346) | (4.967) |
| | <u>4.276.888</u> | <u>261.979</u> | <u>652.734</u> | <u>3.086</u> | <u>2.663.201</u> | <u>7.857.888</u> |

FJÁRFESTINGARGJÖLD OG REKSTRARKOSTNAÐUR

16. Þóknun til rekstraraðila

Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfsrækslu sjóðsins á árinu nam 419,6 milljónum kr. og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Umsýsluþóknun nam 387,8 milljónum kr. og vörluþóknun 31,8 milljónum kr. Þóknunin er gjaldfærð á meðal fjárfestingargjál达 314,7 milljónir kr. og meðal rekstrarkostnaðar 104,9 milljónir kr.

Samsvarandi þóknun vegna 2012 nam 379,5 milljónum kr. Umsýsluþóknun nam 349,7 milljónum kr. og vörluþóknun 29,8 milljónum kr. Þóknunin var gjaldfærð á meðal fjárfestingargjál达 284,6 milljónir kr. og meðal rekstrarkostnaðar 94,9 milljónir kr.

SKÝRINGAR

17. Stjórnarlaun fyrir árið 2013 sundurliðast með eftirfarandi hætti:

| | 2013 | 2012 |
|---|---------------|--------------|
| Ásgeir Thoroddsen, formaður | 2.340 | 2.160 |
| Ásdís Eva Hannesdóttir, aðalmaður | 1.170 | 1.080 |
| Bjarnar S. Ingimarsson, aðalmaður | 780 | 1.080 |
| Elias Jónatansson, aðalmaður | 1.170 | 1.080 |
| Elin Þórðardóttir, aðalmaður | 1.170 | 1.080 |
| Jónmundur Guðmarsson, aðalmaður | 1.170 | 1.080 |
| Magnús Pálmi Skúlason, aðalmaður | 1.170 | 1.080 |
| Anna Sigríður Halldórsdóttir, aðalmaður | 569 | 173 |
| Selma Svavarsdóttir, varamaður | 98 | 0 |
| Guðmundur Freyr Sveinsson, varamaður | 195 | 173 |
| Andrea Róberts dóttir, varamaður | 98 | 98 |
| Guðmundur Örn Óskarsson, varamaður | 98 | 0 |
| Bjarni Kristjánsson, varamaður | 0 | 74 |
| Örn Gústafsson, varamaður | 0 | 74 |
| | 10.027 | 9.232 |

Þóknun til meðlima endurskoðunarnefndar á árinu nam alls 1.700 þúsundum kr. Samsvarandi þóknun fyrir árið 2012 nam 1.200 þúsundum kr.

18. Þóknanir til endurskoðenda á árinu 2013 sundurliðast með eftirfarandi hætti (með vsk.):

| | 2013 | 2012 |
|--|--------------|--------------|
| Endurskoðun ársreiknings | 2.889 | 3.152 |
| Könnun árshlutareikninga | 3.860 | 3.140 |
| Önnur þjónusta og útlagður kostnaður | 169 | 243 |
| | 6.918 | 6.535 |

19. Breytingar á inneign sjófélaga greinast þannig á árinu:

| | 2013 | 2012 |
|-------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Iðgjöld | 8.993.760 | 7.913.101 |
| Greiddur lífeyrir | (2.530.540) | (2.696.282) |
| Fjárfestingartekjur - (gjöld) | 8.902.881 | 11.735.880 |
| | 15.366.101 | 16.952.699 |

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga- deild | Samtals 2013 |
|-------------------------------------|------------------|----------------|----------------|-------------------|---------------------|-------------------|
| Iðgjöld | 3.851.510 | 785.171 | 933.780 | 4.805 | 3.418.494 | 8.993.760 |
| Greiddur lífeyrir | (1.180.179) | (156.239) | (798.791) | (608) | (394.723) | (2.530.540) |
| Fjárfestingartekjur - (gjöld) | 5.077.640 | 327.837 | 680.785 | 3.509 | 2.813.110 | 8.902.881 |
| | 7.748.971 | 956.769 | 815.774 | 7.706 | 5.836.881 | 15.366.101 |

SKÝRINGAR

FJÁRFESTINGAR

20. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | 2013 | 2012 |
|------------------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Skráð innlend hlutabréf | 1.035.064 | 815.910 |
| Óskráð innlend hlutabréf | 4.596.774 | 2.997.397 |
| Skráð erlend hlutabréf | 553.921 | 324.547 |
| Óskráð erlend hlutabréf | 27.272 | 7 |
| Innlend hlutdeildarskírteini | 25.259.565 | 19.507.598 |
| Erlend hlutdeildarskírteini | <u>21.634.824</u> | <u>20.404.907</u> |
| | <u><u>53.107.420</u></u> | <u><u>44.050.366</u></u> |

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga- deild | Samtals 31.12.2013 |
|------------------------------------|--------------------------|-------------------------|-------------------------|----------------------|-------------------------|--------------------------|
| Skráð innlend hlutabréf | 774.132 | 32.890 | 0 | 982 | 227.060 | 1.035.064 |
| Óskráð innlend hlutabréf | 3.197.604 | 216.088 | 125.637 | 977 | 1.056.468 | 4.596.774 |
| Skráð erlend hlutabréf | 395.646 | 26.041 | 0 | 278 | 131.956 | 553.921 |
| Óskráð erlend hlutabréf | 18.735 | 0 | 0 | 0 | 8.538 | 27.272 |
| Innlend hlutdeildarskírteini | 15.835.735 | 1.720.953 | 1.593.701 | 9.437 | 6.099.738 | 25.259.564 |
| Erlend hlutdeildarskírteini | <u>18.995.979</u> | <u>431.970</u> | <u>0</u> | <u>1.765</u> | <u>2.205.110</u> | <u>21.634.824</u> |
| | <u><u>39.217.831</u></u> | <u><u>2.427.942</u></u> | <u><u>1.719.338</u></u> | <u><u>13.439</u></u> | <u><u>9.728.870</u></u> | <u><u>53.107.420</u></u> |

21. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | 31.12.2013 | 31.12.2012 |
|--|--------------------------|--------------------------|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 53.626.564 | 54.815.262 |
| Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana | 1.758.702 | 1.832.460 |
| Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga | 321.404 | 396.866 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 10.911.022 | 8.503.859 |
| Önnur skuldabréf | <u>65.303</u> | <u>49.847</u> |
| | <u><u>66.682.995</u></u> | <u><u>65.598.294</u></u> |

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga- deild | Samtals 31.12.2013 |
|---|--------------------------|-------------------------|--------------------------|----------------------|--------------------------|--------------------------|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 22.997.541 | 2.823.464 | 9.703.902 | 16.717 | 18.084.940 | 53.626.564 |
| Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana .. | 735.586 | 153.162 | 475.021 | 0 | 394.932 | 1.758.702 |
| Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga | 113.343 | 8.857 | 28.209 | 47 | 170.949 | 321.404 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 5.749.044 | 507.069 | 1.502.748 | 766 | 3.151.394 | 10.911.022 |
| Önnur skuldabréf | <u>33.250</u> | <u>3.880</u> | <u>10.437</u> | <u>0</u> | <u>17.736</u> | <u>65.303</u> |
| | <u><u>29.628.765</u></u> | <u><u>3.496.433</u></u> | <u><u>11.720.318</u></u> | <u><u>17.530</u></u> | <u><u>21.819.951</u></u> | <u><u>66.682.995</u></u> |

SKÝRINGAR

21. Verðbréf með föstum tekjum, frh.

Verðbréf með föstum tekjum eru metin á áætluðu markaðsverði í Frjálsa 1, Frjálsa 2, Frjálsa 3 og Frjálsa Áhættu, en á kaupkröfu í Tryggingadeild. Bókfært verð og verð samkvæmt upphaflegri kaupkröfu sundurliðast þannig:

| | | | | | 31.12.2013 | 31.12.2012 |
|--------------------------------------|-------------|-----------|------------|----------------|-----------------|--------------------|
| | | | | | | |
| Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu | | | | | 63.828.415 | 60.893.425 |
| Samkvæmt ársreikningi | | | | | 66.682.995 | 65.598.294 |
| | | | | | (2.854.580) | (4.704.869) |
| | | | | | | |
| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhættu | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2013 |
| Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu | 27.450.192 | 3.247.463 | 11.294.483 | 16.327 | 21.819.951 | 63.828.415 |
| Samkvæmt ársreikningi | 29.628.765 | 3.496.433 | 11.720.318 | 17.530 | 21.819.951 | 66.682.995 |
| | (2.178.572) | (248.970) | (425.835) | (1.202) | 0 | (2.854.580) |

Áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum í tryggingadeild, var 23.698 milljónir kr. í lok ársins, samanborið við 21.820 milljónir kr. sé miðað við upphaflega kaupkröfu eða 1.878 milljónum kr. hærra. Í ársþyrjun var áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum í tryggingadeild 2.839 milljónir kr. hærra en ef miðað er við upphaflega kaupkröfu.

22. Breytingar á varúðarniðurfærslu og endanlegum afskriftum ársins

Breytingar á varúðarniðurfærslu og endanlegum afskriftum ársins leiða til þess að tekjufærðar eru 386,1 milljón kr. í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris vegna ársins 2013. Samsvarandi fjárhæð vegna ársins 2012 var 8,8 milljón kr. gjaldfærsla.

Fjárhagslegri endurskipulagningu Skipta hf. lauk í júní 2013. Miðað við þær forsendur um endurheimtur sem settar voru fram við endurskipulagninguna þá er mat á hlutabréfunum í Skiptum, sem komu í stað skuldabréfsins SIMI 06 1, um 415 milljónum kr. hærri fjárhæð en nam varúðarniðurfærslu sem gerð hafði verið á skuldabréfinu. Að auki er gerð breyting á öðrum varúðarniðurfærslum sem hækka þær samtals um 28,8 milljónir kr.

23. Skipting erlendra eigna eftir gjaldmiðlum:

| | | 31.12.2013 | 31.12.2012 |
|------------------------|--|------------|------------|
| Bandaríkjadollar | | 55,5% | 53,5% |
| Japansk jen | | 9,2% | 6,2% |
| Dönsk króna | | 2,1% | 1,4% |
| Evra | | 33,0% | 37,6% |
| Aðrar myntir | | 0,2% | 1,3% |
| | | 100,0% | 100,0% |

SKÝRINGAR

24. Veitt lán gegn veði í fasteignum:

| | 31.12.2013 | 31.12.2012 |
|--|------------------|------------------|
| Sjóðfélagar | 2.249.966 | 1.673.991 |
| Aðrir aðilar | 26.558 | 27.473 |
| Varúðarniðurfærsla í upphafi árs | (85.073) | (79.753) |
| Varúðarniðurfærsla á árinu | (27.665) | (5.320) |
| | <u>2.163.786</u> | <u>1.616.391</u> |

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals |
|--|------------------|--------------|---------------|-----------------|------------------|
| | | | | | 31.12.2013 |
| Sjóðfélagar | 1.534.698 | 0 | 43.643 | 671.625 | 2.249.966 |
| Aðrir aðilar | 17.870 | 3.254 | 0 | 5.434 | 26.558 |
| Varúðarniðurfærsla í upphafi árs | (75.538) | (182) | (503) | (8.850) | (85.073) |
| Varúðarniðurfærsla á árinu | (1.003) | 20 | (1.679) | (25.003) | (27.665) |
| | <u>1.476.027</u> | <u>3.092</u> | <u>41.461</u> | <u>643.206</u> | <u>2.163.786</u> |

25. Aðrar fjárfestingar greinast þannig:

| | 2013 | 2012 |
|------------------------------|-----------------|-----------------|
| Fasteign í Hafnarfirði | 42.972 | 0 |
| Fasteign í Bolungarvík | 0 | 14.788 |
| | <u>42.972</u> | <u>14.788</u> |
| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat |
| | Áætlað söluverð | Bókfært verð |
| | 31.12.2013 | |
| Fasteign í Hafnarfirði | 43.150 | 43.000 |
| | <u>43.150</u> | <u>43.000</u> |
| | 45.950 | 42.972 |
| | 45.950 | 42.972 |

Frjálsi lífeyrissjóðurinn seldi fasteignina í Bolungarvík á fyrsta ársfjórðungi 2013.

26. Aðrar kröfur greinast þannig:

| | 2013 | 2012 |
|-----------------------|---------------|---------------|
| Áfallnir vextir | 23.055 | 35.510 |
| Viðskiptakröfur | 68.752 | 51.933 |
| Aðrar kröfur | 0 | 149 |
| | <u>91.807</u> | <u>87.592</u> |

SKÝRINGAR

27. Aðrar skuldir greinast þannig:

| | 2013 | 2012 |
|--|----------------|----------------|
| Óbókuð greidd iðgjöld | 161.932 | 414.973 |
| Ógreiddur lífeyrir, laun og launatengd gjöld | 100.123 | 150.349 |
| Skuld vegna uppgjörs gjaldmiðlasamninga | 0 | 178.836 |
| Ógreiddur umsýslukostnaður | 66.707 | 60.271 |
| Ógreitt til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs | 22.191 | 17.988 |
| Aðrar viðskiptaskuldir | 6.458 | 1.797 |
| | 357.411 | 824.214 |

ÖNNUR MÁL

28. Þátttaka í framtaks- og fasteignasjóðum

Lífeyrissjóðurinn hefur skuldbundið sig til þátttökum í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir fjárhæð sem getur numið 9.224 milljónum kr. m.v. myntgengi í lok desember 2013. Sjóðurinn hefur þegar fjárfest fyrir 58% af skuldbindingunum. Eftirstöðvarnar, um 3.820 milljónir kr., koma til greiðslu á næstu þremur til fjórum árum í samræmi við fjárfestingarumfang sjóðanna. Á móti koma endurgreiðslur frá sjóðunum þegar fjárfestingar eru seldar aftur. Um er að ræða sjóði í EUR, GBP og ISK.

TRYGGINGAFRÆÐILEG ÚTTEKT

29. Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam lífeyrisskuldbinding tryggingadeildar Frjálsa lífeyrissjóðsins 87.517 milljónum kr. í árslok 2013 miðað við 3,5% árvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign deildarinnar í árslok 2013 var 87.723 milljónir kr. eða 206 milljónum hærri eða sem nemur 0,2%. Lifeyrisskuldbinding tryggingardeildar sjóðsins í árslok 2013 greinist þannig:

| | Áfallin skuldbinding | Framtíðar- skuldbinding | Samtals 31.12.2013 | Samtals 31.12.2012 |
|---|-------------------------|----------------------------|-----------------------|-----------------------|
| Eignir: | | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 34.983.648 | 0 | 34.983.648 | 29.146.767 |
| Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti | 538.200 | 0 | 538.200 | 775.000 |
| Lækkun vegna fjárfestingargjalda | (930.400) | 0 | (930.400) | (770.200) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 53.132.000 | 53.132.000 | 49.331.000 |
| | 34.591.448 | 53.132.000 | 87.723.448 | 78.482.567 |
| Skuldbindingar: | | | | |
| Ellilfeyrir | 25.208.272 | 37.422.900 | 62.631.172 | 55.497.200 |
| Örorkulífeyrir | 6.604.392 | 11.469.400 | 18.073.792 | 16.930.500 |
| Makalífeyrir | 2.194.910 | 2.971.600 | 5.166.510 | 4.840.500 |
| Barnalífeyrir | 73.000 | 642.200 | 715.200 | 645.000 |
| Rekstrarkostnaður | 227.000 | 703.800 | 930.800 | 812.200 |
| | 34.307.574 | 53.209.900 | 87.517.474 | 78.725.400 |
| Eignir umfram skuldbindingar | 283.874 | (77.900) | 205.974 | (242.833) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 0,8% | (0,1%) | 0,2% | (0,3%) |

